

9. fundur hverfisnefndar Giljahverfis haldinn í Glerárgötu 34, kaffistofu Raftákns 22.maí. 2013.

Mættir:

Hlynur Jónsson formaður, Finnur Víkingsson, Hafþór Jörundsson og Svala Haraldsdóttir.
Svala Haraldsdóttir og Hlynur Jónsson rituðu fundargerð.

Fundargerð seinasta fundar var send til nefndarmanna í tölvupósti. Enginn athugasemd barst og telst hún því samþykkt.

Dagskrá:

1. Umhverfisátak Akureyrar-svar við tillögum hverfisnefndar.
2. Númeralaus ökutæki í hverfinu.
3. Lýsing Vættagilsbrekku.
4. Nýjar samþykktir hverfisnefndar.

1. Ræddir voru 2 fundir Hlyns Jónssonar með Jóni Birgi hjá Akureyrarbæ vegna tillögu hverfisnefndarinnar um að farið verði í leiksvæði fyrir ofan Merkigil milli F-gila og V-gila, og að jafnfram verið farið í gerð göngustígs milli Víkurgils og Fannagils. Akureyrarbær upplýstur um að þær 2 milljónir sem Akureyrarbær veitti hverfinu mættu fara alfarið í það verkefni svo hægt yrði að hefjast handa sem allra fyrst.

Hlynur bað um útlitun á umhverfisátaki Akureyrarbæjar fyrir árið 2013 sem hann fékk og nefndin ræddi og skoðaði. Kom þar fram að það sem áætlað er fyrir Giljahverfi í framkvæmdum fyrir sumarið er áframhald Borgarbrautar og að hönnun leikvallarins væri það eina sem myndi gerast þetta sumarið. Jón Birgir áætlaði í samtali við Hlyn að hönnun leikvallarins myndi kosta ca 500. þúsund.

Hlynur bað einnig Dagnýju skrifstofustjóra um lista vegna annara framkvæmda Framkvæmdamiðstöðvar Akureyrar á þessu ári og vegna síðustu tveggja ára. Í svari frá Dagnýju og Jóni Birgi kom enginn listi fram. Jón Birgir svarar því til að *“engin fjárveiting hafi verið veitt til umhverfismála síðustu ár og eru því þessar milljónir sem bærinn gaf sjálfum sér viðbót til þessara mála”*. Í áætlun Akureyrarbæjar fyrir 2013 er að finna liði í áætlun Framkvæmdamiðstöðvar svo sem *“Gangstéttar og stígar”* áætluð fjárhæð 52.200.000 þús (sama og 2012) Og *“Ýmis verk”* áætluð fjárhæð 15.000.000 þús (2012 5.000.000 þús). Engar upplýsingar eða sundurliðun virðist vera hægt að fá vegna þessa framkvæmda.

Nefndinni þótti hönnunarkostnaður vera stór biti af ráðstöfunarfé hverfisnefndarinnar og ræddar hugmyndir um að samnýta hönnun á leikvelli með öðrum hverfisnefndum til að minnka kostnað á hönnun.

Afgreiðsla Framkvæmdaráðs olli nefndinni vonbrigðum. Þótti nefndinni gæta misræmis í framlagi milli hverfa auk þess sem vantar 6,5 milljónir upp á að 100 milljóna framlaginu væri náð, sláttutraktor ætti ekki heima þarna og framlag til Siglingaklúbbs ætti frekar heima undir sér lið til Æskulýðs- og íþróttamála en undir þessu afmælisátaki.

Rætt var um að byggja framkvæmd leikvallarins að einhverju leyti á vinnuframlagi íbúa til að minnka kostnað og hraða framkvæmdum. Að nefndin fengi fénu úthlutað þannig að hægt væri að fara sjálfst í framkvæmdir, án aðkomu frá Akureyrarbæ.

2. Skorað er á Akureyrarbæ að láta fjarlægja númerslaus farartæki á sameiginlegu plani hverfisins þar sem endurvinnslugámar standa (við spennustöðina). Nefndinni er ljóst að þarna megi geyma farartæki á númerum í styttri tíma en ekki þykir prýði af númerslausum farartækjum sem standa þar langtímum saman.

Einnig er farið þess á leit við Akureyrarbæ að hann sendi beiðni/ábendingu til íbúa Vættargils 1, um að fjarlægja númerslaus farartæki sem staðið hafa þar í langan tíma og þykir ekki nein prýði af og að bílageymsla eigi ekki heima í miðju íbúðahverfi.

3. Ákveðið var að senda beiðni á Norðurorku um að Norðurorka komi að lýsingu á brekkunni við suðurenda Vættargils.

4. Á fundinum var farið yfir breytingar á nýjum samþykktum fyrir hverfisnefndir. Nefndin lýsir vonbrigðum yfir að lokað sé fyrir þann möguleika á heimasíðu Akureyrarbæjar (www.akureyri.is) að hægt sé að stofna netfangalista fyrir hverfin á heimasíðu bæjarins. Nær hefði verið að leggja meiri kraft í það og kynna þann möguleika betur heldur en að taka hann út.

Ákveðið að halda næsta hverfisnefndarfund mánudag 27 maí. kl 17:00 og boða Odd Helga formann Framkvæmdaráðs á fundinn.

Fundarritarar.

Svala Haraldsdóttir
Hlynur Jónsson